

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 99

26. árgangur

12.12.2019

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
2019/EES/99/01		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)	1
2019/EES/99/02		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	8
2019/EES/99/03		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)	10
2019/EES/99/04		Leiðréttingar sem sameiginlega EES-nefndin hefur veitt athygli	12
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2019

2019/EES/99/01

frá 29. mars 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjttð. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 68, Stjttð. ESB L 321, 30.11.2013, bls. 6, og Stjttð. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 2.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingar-fyrirkomulag til að draga úr áhrifum á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinna áhættuskuldbindinga opinberra aðila gefnum upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingar-fyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar í Stjttð. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 73, og Stjttð. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 1.
- 4) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB er vísað til „móðurstofnana í Sambandinu“, „móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði í Sambandinu“ og „blandaðra móður-eignarhaldsfélaga á fjármálasviði í Sambandinu“, sem með skírskotun til EES-samningsins ber að skilja sem aðila sem samræmast viðkomandi skilgreiningum í reglugerðinni og hafa staðfestu í ríki aðila að EES-samningnum og sem eru ekki dótturfyrirtæki nokkurrar annarrar stofnunar sem hefur verið komið á fót í ríki annars aðila að EES-samningnum.
- 5) Tilskipun 2013/36/ESB fellir úr gildi tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ⁽⁴⁾ og 2006/49/EB ⁽⁵⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 6) Möguleikinn á ástæðulausri lækun á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna notkunar eigin líkana hefur m.a. verið takmarkaður með ákvæðum í landslögum til innleiðingar á 152. gr. tilskipunar 2006/48/EB, en í árslok 2017 kom 500. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013 í staðinn fyrir það ákvæði. Hins vegar eru enn fyrir hendi nokkur ákvæði í reglugerð (ESB) 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, sem gera lögbærum stjórnvöldum kleift að taka á slíku, m.a. með ráðstöfunum sem vega á móti ástæðulausri lækun fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga, sbr. m.a. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og að setja varfærnisörk við kvörðun eigin líkana, sbr. m.a. 144. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013 og 101. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 27.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 14. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB):

„**32013 L 0036**: Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 73, og Stjtið. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 1.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni, í þeirri röð.
- b) Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“ eða til „seðlabanka“ þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- c) Vísanir í aðrar lagagerðir í tilskipuninni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samning þennan.
- d) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar (EBA) skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 í tilskipuninni ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31g í þessum viðauka.
- e) Í 5. mgr. 2. gr. er eftirfarandi lið bætt við:
„11a) Á Íslandi „Byggðastofnun“, „Íbúðalánasjóður“ og „Lánasjóður sveitarfélaga ohf.“;
- f) Í 6. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við a-lið:

„Lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna vinna saman á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja flæði viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga milli þeirra og annarra aðila að Evrópska fjármálaefirlitskerfinu og með Eftirlitsstofnun EFTA. Lögbær stjórnvöld aðildarríkja ESB skulu á sama hátt taka þátt í samstarfi við lögbær stjórnvöld í EFTA-ríkjunum.“

- g) Ákvæði 3. mgr. 47. gr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin. EFTA-ríki er heimilt, með samningum sem gerðir eru við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að beita ákvæðum sem veita útibúum lánastofnunar með aðalskrifstofu í þriðja landi sams konar meðferð á yfirráðasvæði þess EFTA-ríkis.

Samningsaðilar skulu upplýsa og hafa samráð hver við annan áður en þeir gera samninga við þriðju lönd á grundvelli 3. mgr. 47. gr. eða fyrstu málsgreinar þessa liðar, eftir því sem við á.

Þegar Evrópusambandið á viðræður við eitt eða fleiri þriðju lönd með það fyrir augum að gera samning á grundvelli 3. mgr. 47. gr., og markmiðið með slíkum samningi er að fá sömu meðferð og í heimalandi eða virkan markaðsaðgang fyrir útibú lánastofnana sem eru með aðalskrifstofu í aðildarríki Evrópusambandsins í hlutaðeigandi þriðju löndum, skal Evrópusambandið leitast við að fá jafna meðferð fyrir útibú lánastofnana með aðalskrifstofu sína í EFTA-ríki.

- h) Ákvæði 48. gr. gilda ekki. Ef EFTA-ríki gerir samning við eitt eða fleiri þriðju lönd um leiðir til að hafa eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli og móðurfyrirtækin hafa aðalskrifstofur í þriðja landi og stofnanir í þriðju löndum, hvort sem móðurfyrirtæki þeirra, þótt um sé að ræða stofnanir, móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð móðureignarhaldsfélög, eru með aðalskrifstofu í því EFTA-ríki, skal sá samningur leitast við að tryggja að Evrópska bankaefirlitsstofnunin geti fengið frá lögbæru stjórnvaldi þess EFTA-ríkis upplýsingar sem berast frá landsyfirvöldum þriðju landa í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

- i) Í 2. mgr. 53. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á undan orðunum „í samræmi við þessa tilskipun“.
- j) Í d-lið 1. mgr. 58. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“.
- k) Í 5. mgr. 89. gr. koma orðin „framtiðarlagasetningargerðir sem gilda í samræmi við EES-samninginn kveða á um birtingarskyldu“ í staðinn fyrir orðin „framtiðarlagagerð Sambandsins um birtingarskyldu“.
- l) Í 1. mgr. 114. gr. koma koma orðin „lögbært stjórnvald“ í stað orðanna „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“, að því er varðar Liechtenstein.
- m) Í annari undirgrein 1. mgr. 117. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“, bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni“.
- n) Í 14. og 15. mgr. 133. gr. er orðunum „eða, að því er EFTA-ríkin varðar, fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnina“.
- o) Í 1. mgr. 151. gr. er orðunum „ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem inniheldur“ bætt á eftir orðunum „í samræmi við“.

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB):

- „14a. **32013 R 0575:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 68, Stjtið. ESB L 321, 30.11.2013, bls. 6, og Stjtið. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 2, breytt með:
- **32017 R 2395:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 27).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókonar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“ eða til „seðlabanka“ þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni.
- c) Vísanir í aðrar lagagerðir í reglugerðinni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samning þennan.
- d) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31g í þessum viðauka.
- e) Í 75. tl. 1. mgr. 4. gr. koma orðin „Noregi og“ fyrir framan orðið „Svíþjóð“.
- f) Í b-lið 1. mgr. 31. gr. orðast „framkvæmdastjórn“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“ að því er varðar EFTA-ríkin.
- g) Í 1. og 2. mgr. 80. gr. er orðunum „eða, hvað EFTA-ríki varðar, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.
- h) Í 4. mgr. 329. gr., 2. mgr. 344. gr., 6. mgr. 352. gr., 4. mgr. 358. gr. og 5. mgr. 416. gr. er orðunum „ákvörðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem innihalda“ bætt við á eftir „gildistökuðegi“, að því er EFTA-ríkin varðar.

i) Í 395. gr.:

i) Í 7. og 8. mgr. gilda orðin „ráðið“ ekki að því er EFTA-ríkin varðar,

ii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar 1. undirgrein 8. mgr. sem hér segir:

„Fastanefnd EFTA-ríkjanna hefur heimild til að samþykkja ákvörðun um að samþykkja eða hafna fyrirhugaðri innlendra ráðstöfun sem um getur í 7. mgr.“,

iii) eftirfarandi kemur í stað fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar 8. mgr.:

„Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, innan eins mánaðar frá því að tilkynningin, sem um getur í 7. mgr. berst, láta í ljós álit sitt á þeim atriðum sem nefnd eru í þeirri málsgrein við ráðið, framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki eða, ef álit hennar varðar innlendar ráðstafanir sem EFTA-ríki leggur til, fastanefnd EFTA-ríkjanna og hlutaðeigandi EFTA-ríki.“

j) Í 458. gr.:

i) Að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar fyrsta undirgrein 2. mgr. svo:

„Ef yfirvald, sem ákvarðað er í samræmi við 1. mgr., greinir breytingar á styrk þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu í fjármálakerfinu sem getur haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar í fjármálakerfinu og efnahagslífi í tilteknu EFTA-ríki og sem það yfirvald telur betra að fást við með strangari innlendum ráðstöfunum skal það tilkynna fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA, Evrópska kerfisáhætturáðinu (ESRB) og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) um það og leggja fram viðeigandi meginleg eða eigindleg gögn um allt eftirfarandi.“,

ii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar 1. undirgrein 4. mgr. sem hér segir:

„Fastanefnd EFTA-ríkjanna hefur, að fenginni tillögu frá Eftirlitsstofnun EFTA, heimild til þess að samþykkja framkvæmdargerð til þess að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum, sem um getur í d-lið 2. mgr.“,

iii) í annarri undirgrein 4. mgr. er eftirfarandi bætt við:

„Ef álit þeirra varðar drög að innlendum ráðstöfunum EFTA-ríkis skulu ESRB og EBA láta álit sitt í ljós við fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki.“,

iv) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar þriðja til áttunda undirgrein 4. mgr. sem hér segir:

„Að teknu tilliti til þeirra álita sem um getur í annarri undirgrein og ef fyrir hendi eru sterkar, kröftugar og ítarlegar vísbendingar um að ráðstöfunin hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegur þyngra en fjárhagslegur stöðugleiki, sem leiðir til lækkunar á þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem tilgreind hefur verið, getur Eftirlitsstofnun EFTA innan eins mánaðar lagt til við fastanefnd EFTA-ríkjanna að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum.“

Ef Eftirlitsstofnun EFTA kemur ekki með tillögu innan þessa eins mánaða tímabils getur hlutaðeigandi EFTA-ríki tafarlaust samþykkt drög að innlendum ráðstöfunum í allt að tvö ár, eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er liðin hjá ef það gerist fyrir.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal taka ákvörðun um tillögu Eftirlitsstofnunar EFTA innan eins mánaðar frá móttöku tillögunnar og tilgreina ástæður þess að hafna eða samþykkja drögin að innlendum ráðstöfunum.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal aðeins hafna drögum að innlendum ráðstöfunum ef hún telur að einu eða fleirum eftirfarandi skilyrða sé ekki fullnægt:

- a) breytingar á styrk þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu eru þess eðlis að það veldur hættu fyrir fjármálastöðugleika á landsvísu,
- b) ákvæði 124. og 164. gr. þessarar reglugerðar og 101., 103., 104., 105., 133. og 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB taka ekki nægilega á þeirri þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem tilgreind hefur verið, með hliðsjón af hlutfallslegri skilvirkni þessara ráðstafana,
- c) drög að innlendum ráðstöfunum eru betur til þess fallin að takast á við umfangsmikla þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu og fela ekki í sér óhóflega skaðleg áhrif á fjármálakerfið á heildina litið eða að hluta hjá öðrum samningsaðilum eða á EES-svæðinu í heild, sem myndi leiða til eða skapa hindrun í starfsemi innri markaðarins,
- d) málið varðar einungis eitt EFTA-ríki, og
- e) ekki hefur verið tekist á við áhættuna með öðrum ráðstöfunum í þessari reglugerð eða í tilskipun 2013/36/ESB.

Mat fastanefndar EFTA-ríkjanna skal taka tillit til álits ESRB og EBA og byggjast á þeim gögnum sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr. af hálfu þess stjórnvalds sem hefur verið ákvarðað í samræmi við 1. mgr.

Ef ekki liggur fyrir ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna um að hafna drögum að innlendum ráðstöfunum innan eins mánaðar eftir viðtöku tillögu af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA, getur EFTA-ríkið samþykkt ráðstafanirnar og beitt þeim í allt að tvö ár eða þangað til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta hættir að vera til staðar ef það gerist fyrir.“

- v) að því er varðar EFTA-ríkin orðast 6. mgr. sem hér segir:

„Ef EFTA-ríki viðurkennir ráðstafanir sem kveðið er á um samkvæmt þessari grein skal það tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA, EBA, ESRB og samningsaðilanum að EES-samningnum sem hefur heimild til að beita ráðstöfunum.“

- k) Í 2. mgr. 467. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur reglugerð sem samþykkt var“ í stað „framkvæmdastjórnin hefur samþykkt reglugerð“.
- l) Í 497. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) í 1. og 2. mgr. er orðunum „ákvörðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem innihalda“ bætt við á eftir „gildistökuþegi síðustu“,
 - ii) í 1. mgr. orðast „verið samþykkt“ með „gilda innan EES“.

3. Í lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012):

- a) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32013 R 0575:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 68, Stjtið. ESB L 321, 30.11.2013, bls. 6, og Stjtið. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 2.“

- b) eftirfarandi er bætt við aðlögun zh):

„v) í mgr. 5a er, að því er varðar EFTA-ríkin, orðunum „ákvörðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem innihalda“ bætt við á eftir „gildistökuþegi síðustu“.“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31ea (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB):

„– **32013 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/36/ESB frá 26. júní 2013 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 73, og Stjtið. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 1.“

5. Texti 31. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 575/2013, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 68, Stjttíð. ESB L 321, 30.11.2013, bls. 6 og Stjttíð. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 2, og (ESB) nr. 2017/2395 og tilskipunar 2013/36/ESB, sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 73, og Stjttíð. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 1, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing sammingsaðila**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019 sem tekur tilskipun 2013/36/ESB upp í EES-samninginn**

Það er sameiginlegur skilningur sammingsaðila að upptaka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB í EES-samninginn, sé með fyrirvara um innlendar reglur sem hafa almennt gildi og varða skimun af öryggisástandum eða á grundvelli allsherjarreglu vegna beinna erlendra fjárfestinga.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2019****2019/EES/99/02****frá 8. maí 2019****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánessamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.
- 2) IX. og XIX. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010):

„– **32014 L 0017:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 (Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010):

„31j. **32014 L 0017:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánessamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34) sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni, í þeirri röð.
- b) Í b-lið 3. mgr. 5. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt eftir orðunum „evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni) (EBA)“.
- c) Í 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 27. gr. koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ í stað orðanna „20. mars 2014“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Í 5. mgr. 14. gr. orðast „20. mars 2014“, að því er varðar EFTA-ríkin, sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ og í stað orðanna „til 21. mars 2019“ koma orðin „næstu fimm ár“.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34.

- e) Í 2. mgr. 26. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Liechtenstein er undanþegið hagskýrsluefirliti sem krafist er skv. 2. mgr. 26. gr.“
- f) Í fimmtu undirgrein 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 34. gr. koma orðin „getur Evrópska bankaefirlitsstofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ í stað „getur Evrópska bankaefirlitsstofnunin“.
- g) Í 37. gr. koma orðin „getur Evrópska bankaefirlitsstofnunin, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, farið eftir valdinu sem henni er falið samkvæmt þeirri grein og allar bindandi ákvarðanir Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar, eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ í stað orðanna „getur Evrópska bankaefirlitsstofnunin farið eftir valdinu sem henni er falið samkvæmt þeirri grein og allar bindandi ákvarðanir Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“.
- h) Í 43. gr. koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“ í staðinn fyrir orðin „21. mars 2016“ og „20. mars 14“ og í staðinn fyrir orðin „til 21. mars 2017“ koma orðin „eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019“.

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0017:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/17/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 246, 23.9.2015, bls. 11, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 256/2018

2019/EES/99/03

frá 5. desember 2018

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1800 frá 29. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 151/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi milli tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2270 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli samþykktra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2271 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2272 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2273 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽⁶⁾.
- 7) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bcaí (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2042):

„31bcaj. **32016 D 1073**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1073 frá 1. júlí 2016 um jafngildi milli tilnefndra samningsmarkaða í Bandaríkjunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjttð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 24).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 259, 7.10.2017, bls. 14.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 178, 2.7.2016, bls. 24.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 48.

⁽⁶⁾ Stjttð. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 51.

- 31bcak. **32016 D 2270:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2270 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli samþykkttra kauphalla í Singapúr í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 42).
- 31bcal. **32016 D 2271:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2271 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli kauphalla fyrir fjármálagerninga og kauphalla fyrir hrávöru í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 45).
- 31bcam. **32016 D 2272:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2272 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli fjármálamarkaða í Ástralíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 48).
- 31bcan. **32016 D 2273:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2273 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli viðurkenndra kauphalla í Kanada í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 51).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 31bch (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2013):
- „, breytt með:
- **32017 R 1800:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1800 frá 29. júní 2017 (Stjtið. ESB L 259, 7.10.2017, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1800 og framkvæmdarákvörðana (ESB) 2016/1073, (ESB) 2016/2270, (ESB) 2016/2271, (ESB) 2016/2272 og (ESB) 2016/2273 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Leiðréttingar sem sameiginlega EES-nefndin hefur veitt athygli**2019/EES/99/04****Sameiginlega EES-nefndin veitti athygli eftirfarandi leiðréttingum á fundi sínum 13. júní 2019:**

- *Leiðrétting á íslenskri útgáfu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn*

Í sjöunda inngangslíð inngangsorða að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 koma orðin „ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/685/ESB frá 10. nóvember 2010“ í stað orðanna „ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. nóvember 2010“.

- *Leiðrétting á íslenskri útgáfu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn*

Í 1. gr.:

- 2. og 3. mgr. eru tölusettar sem 3. og 4. mgr.
- Nýrri 2. mgr. með eftirfarandi texta er bætt við:

„Texti liðar 23ba (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB) fellur brott.“

- *Leiðrétting á íslenskri útgáfu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 250/2018 um breytingu á IX. viðauka (fjármálaþjónusta) við EES-samninginn*

Í 1. mgr. 1. gr. koma orðin „Texti liðar 23ba (fellur brott)“ í stað orðanna „Texti liðar 23ba (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB)“.

Sameiginlega EES-nefndin hefur einnig veitt athygli eftirfarandi leiðréttingum á lagagerðum Sambandsins:

- *Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/719 frá 14. maí 2018 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýra-læknaeiningar í Traces-tölvukerfinu*

Stjtið. ESB L 307, 3.12.2018, bls. 27

Sjá leiðréttingu:

[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018D0719R\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018D0719R(01))

- *Leiðrétting á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1622 frá 29. október 2018 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni í sæfivörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012*

Stjtið. ESB L 34, 6.2.2019, bls. 10

Sjá leiðréttingu:

[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018D1622R\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018D1622R(01))

- *Leiðrétting á framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1565 frá 17. október 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráferugrísí, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Elanco GmbH)*

Stjtið. ESB L 71, 13.3.2019, bls. 30

Sjá leiðréttingu:

[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018R1565R\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018R1565R(01))

- *Leiðrétting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1497 frá 8. október 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar matvælaflokk 17 og notkun matvælaaukefna í fæðubótarefni*

Stíttíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 35

Sjá leiðréttingu:

[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018R1497R\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/en/TXT/?uri=CELEX:32018R1497R(01))